

Alþingi
Erindi nr. P 136 / 930
komudagur 25.2.2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Reykjavík, 25. febrúar 2009

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu, 198. mál.

Ríkisútvarpið styður í meginráttum þá málstefnu sem þessi þingsályktunartillaga nær yfir enda hefur Ríkisútvarpið ávallt lagt ríka áherslu á íslenska tungu og reynt eftir fremsta megni að vera til fyrirmyndar hvað gott íslenskt málfar snertir.

Það skýtur þó svolítið skökku við að í tillögum um aðgerðir til að ná settum markmiðum í íslenskri málstefnu (bls. 51) skuli ákveðinn sjónvarpsviðburður vera nafngreindur og honum settar þær skorður sem raun ber vitni. Ríkisútvarpið telur að Alþingi beri ekki að hafa afskipti af eða setja bindandi viðmiðanir um einn tiltekinn sjónvarpsviðburð hjá Ríkisútvarpinu.

Virðingarfyllst,


Páll Magnússon
útvarpsstjóri